

## Reglur um símenntun starfsfólks Akureyrarbæjar

### 1.gr.

Símenntun er réttur og skylda starfsfólks Akureyrarbæjar samkvæmt mannauðsstefnu bæjarstjórnar Akureyrar og kjarasamningum. Akureyrarbæ er skylt að gefa starfsfólki tækifæri til símenntunar. Starfsfólki er skylt að taka þátt í þeirri símenntun sem starfsþróunar áætlanir þeirra gera ráð fyrir og skipulögð er af vinnustaðnum fyrir það.

### 2.gr.

Yfirmaður skal gera starfsþróunaráætlun fyrir vinnustaðinn fyrir hvert ár eða árabíl. Starfsþróunaráætlun skal unnin í samvinnu yfirmanns og starfsfólks, rædd í starfsþróunarsamtali og endurskoðuð í framhaldi af því. Starfsþróunaráætlanir skulu endurskoðaðar eftir þörfum.

Símenntun/starfsþróun getur falist í:

- námi sem skipulagt er fyrir starfsfólk stofnunar,
- þátttöku í námi á vegum annarra,
- þátttöku í rafrænni fræðslu á vegum Akureyrarbæjar eða annarra,
- bóklestri eða gagnaöflun á netinu,
- fræðslu fyrir samstarfsmenn,
- heimsóknnum á aðra vinnustaði,
- þátttöku í ráðstefnum og fundum eða
- öðrum aðferðum sem henta einstaka starfsfólki og vinnustöðum.

### 3.gr.

Starfsþróunaráætlun vinnustaðar skal miðuð við að allt starfsfólk taki þátt og njóti símenntunar. Kröfur og framboð geta verið ólíkt eftir þörfum hvers vinnustaðar og ákvæða í kjarasamningum, lögum og reglugerðum.

### 4.gr.

Veita má launað leyfi frá störfum vegna símenntunar ef starfsþróunaráætlun hefur verið gerð fyrir vinnustaðinn og fyrirhugað nám er í samræmi við fyrirbyggjandi starfsþróunar- áætlun. Um leyfi frá störfum og launagreiðslur vegna símenntunar gilda sömu reglur á öllum vinnustöðum Akureyrarbæjar:

4.1 Yfirmaður getur ákveðið að greiða kostnað vegna stuttra námskeiða sem falla að starfsþróunaráætlun starfsmanns og jafnframt veitt starfsmanni leyfi til að sækja námskeið í vinnutíma sé það haldið á reglulegum vinnutíma starfsmannsins. Sé námskeið haldið utan venjulegs vinnutíma starfsmanns eru ekki greidd laun á þeim tíma nema námskeiðið sé sótt að ósk yfirmanns.

- 4.2 Veita má vinnuafslátt sem nemur allt að 20% stöðugildis í tvö ár vegna náms við viðurkennda framhaldsskóla eða háskóla ef yfirmaður óskar eftir að námið sé stundað, t.d. vegna þess að skortur er á starfsfólki með viðkomandi menntun. Viðkomandi starfsmaður þarf að hafa unnið hjá Akureyrarbæ í sambærilegu starfi a.m.k. 3 ár áður en slíkt leyfi kemur til álita.
- 4.3 Yfirmanni er heimilt að veita stjórnanda, sem gegnt hefur stjórnunarstarfi hjá Akureyrarbæ a.m.k. þrjú ár, allt að 20% vinnuafslátt í eitt skólaár (tvær annir) að hámarki enda er námið að lágmarki sex ECTS einingar. Stjórnandinn þarf að vera í 100% starfi svo að vinnuafsláttur komi til álita.
- 4.4 Ef launað leyfi er veitt skal stjórnandi gera skriflegt samkomulag við starfsmann og skila frumriti þess til launadeildar. Í samkomulaginu skal koma fram, nafn, kennitala og stöðuheiti starfsmanns, tímabil leyfis, starfshlutfall leyfis og rökstuðningur fyrir samþykki stjórnanda. Skrá ber fjarveru í launuðu námsleyfi samkvæmt leiðbeiningum um skráningu slíkra leyfa í Vinnustund.

5.gr.

Stjórnsýslusvið, mannauðsdeild hefur yfirumsjón með símenntun starfsmanna.  
Hlutverk hennar er:

- að samræma símenntunarkröfur milli stofnana,
- að líta eftir því að upplýsingar um nám starfsmanna séu skráðar skipulega,
- að stuðla að sem bestri nýtingu á námskeiðum sem haldin eru, þannig að almenn námskeið sem haldin eru af einni stofnun nýtist starfsfólki annarra stofnana.
- að hvetja til að upplýsingar um þátttöku í símenntun séu ávallt aðgengilegar.

Samþykkt í fræðslunefnd 4. febrúar 2019

Samþykkt í kjarasamninganefnd 11. febrúar 2019

Samþykkt í bæjarráði 21. febrúar 2019